

SSA OG STOÐSTOFNANIR

Undirbúningsfundur vegna verkefnisins „SSA og stoðstofnanir“ var haldinn þriðjud. 16. nóv. 2010. Hófst kl. 08:00. Tengd saman í síma voru: Páll Björgvin Guðmundsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Björn Ingimarsson, en þau voru kjörin í starfshóp um verkefnið af stjórn SSA 27. okt. 2010. Auk þess tóku þátt í fundinum Valdimar O. Hermannsson, form. SSA og Bj. Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA, sem ritaði fundargerð.

Fundarefni: Verkefnið sem framundan er.

1. Verkaskipting starfshópsins
2. Farið yfir samþykktir SSA frá 25. sept. 2010, er varða starf hópsins.
3. Lögð drög að vinnuferli og tímaplani.
4. Undirbúinn næsti fundur og aðkoma stoðstofnana að honum og framvegis.
5. Önnur mál.

Gengið var til dagkrár:

1. Verkaskipting starfshópsins.

Í upphafi upplýsti form. SSA að hann hefði einsett sér að hitta sem fyrst forsvarsmenn allra sveitarfélaga á starfssvæði SSA. Einnig ætlaði hann að kynna sér starf ýmissa stofnana á Austurlandi, m.a. stoðstofnana þeirra, sem tengdust verkefni því, er hér væri til úrvinnslu. Hefði hann í því markmiði óskað eftir að frkvstj. SSA hlutaðist til um samráðsfundi í húsnaði ÞFA kl. 10:00 þennan sama morgun með fulltrúum viðkomandi stofnana.

Að því búnu var tekinn fyrir liðurinn „Verkaskipting starfshópsins“. Fyrir liggur að hópurinn verður skipaður 3 fulltrúum SSA og 5 tengiliðum frá hinu austfirzka stoðkerfi: Þeir eru (verða eftirleiðis kölluð „hin fimm fræknu“):

Frá Þróunarfélagi Austurlands:	Auður Anna Ingólfssdóttir
Frá Atvinnuþróunarsj. Austurlands:	Lars Gunnarsson
Frá Menningarráði Austurlands:	Signý Ormarsdóttir
Frá Markaðsstofu Austurlands:	Skúli Björn Gunnarsson
Frá Þekkingarneti Austurlands:	Stefanía G. Kristinsdóttir

Eðlilegt er af fulltrúum SSA talið að vinnunni verði áfram stýrt frá SSA, eins og gert var í starfi tveggja síðustu starfshópa um sambærileg verkefni.

Formaður stjórnar SSA, Valdimar O. Hermannsson, stýrði fundinum undir þessum lið. Fram kom tillaga um að frkvstj. SSA yrði „verkstjóri hópsins“ og hefði það hlutverk að undirbúa fundi og gögn í samráði við hópinn í heild. Hún samþykkt samhljóða.

2. Farið yfir samþykktir SSA frá 25. sept. 2010, er varða starf hópsins.

Um er annars vegar að ræða samþykkt um „farþega- og vöruflutninga til og frá Austurlandi“ og hins vegar samþykkt um „SSA og stoðstofnanir“. Þær verða lagðar inn í vinnu hópsins, þegar hann tekur í heild til starfa.

Undir þessum lið var m.a. rætt um fyrri vinnu við verkefnið og verklag. M.a. kom fram gagnrýni á að málið hefði farið að snúast um skipurit í stað þess að leggja áherzlu á skipulag út frá hagkvæmni og skilvirkni; þ.e. hvaða þjónustu ætti að veita og hvernig. M.ö.o hefði verið farið að velta því upp sem ætti að koma síðast í slíkri vinnu. Auk þess yrði að vera tryggt að hægt yrði að sýna fram á, að sameining eða aukin samvinna stofnana myndi ekki leiða til niðurskurðar á fjármagni til verkefna frá því sem nú er.

Ennfremur var lítillega fjallað um hvaðan núverandi opinbert fjármagn kemur til stofnana þeirra, er um ræðir, sýnileika þeirra o.fl. (sjá efr. lið 4).

3. Lögð drög að vinnuferli og tímaplani.

Undir þessum lið var m.a. rætt um nauðsyn þess að kalla eftir frá upplýsingum frá svæðum sem hafa gengið í gegnum sambærilegar breytingar eða þær verið til skoðunar, en horfið frá slíkum áformum. Í því sambandi voru nefnd eftirtalin svæði: Norðurland vestra, Vesturland og Suðurland.

Auk þess var rætt hvort kalla eftir ákveðinni sérfræðivinnu, þegar verkið yrði komið á skrið, en engin ákv. um það tekin á þessu stigi.

4. Undirbúinn næsti fundur og aðkoma stoðstofnana bæði honum og framvegis.

Undir þessum lið var upplýst að fyrir lægi samantekt um hvaðan tekjur m.a. einstakra umræddra stofnana kæmi (t.d. frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum), staðsetning aðalstöðva þeirra, útibú, fjöldi starfsmanna o.fl. Út frá ákv. upplýsingum í skjalinu mætti m.a. reikna út framlög einstakra sveitarfélaga til þessara stofnana. Talið var nauðsynlegt að öllum hlutaðeigandi yrðu sendar tilvitnaðar upplýsingar og mun frkvstj. SSA senda þær út við fystu hentugleika.

Fram kom að stjórn SSA mun funda næst 6. des. (til vara 8. des.). Í framhaldi af því þróaðist sú hugmynd að samhliða þeim fundi yrði boðað til fundar í vinnuhópnum í heild, ásamt öllum forsvarsmönnum viðkomandi stofnana að viðbættri stjórn SSA. Sá fundur myndi þá hefjast kl. 10:00 og standa allt til kl. 13:00.

Á slíkum fundi yrði m.a. kallað eftir uppl. frá öðrum svæðum (sbr. lið 3) og kynnt starfsemi og áherzlr allra viðkomandi stofnana.

Stjórn SSA myndi funda um önnur mál í framhaldi af því. Þessi hugmynd verður varpað upp við stjórn SSA og auk þess var VOH og BHG falið að koma henni á framfæri við „hin 5 fræknu“

5. Önnur mál.

Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 08:55.

Minnispunktar frá fundum form. og frkvstj. SSA með fulltrúum framangr. stofnana:

Allir fundirnir voru í húsnaði ÞFA og haldnir þriðjud. 16. nóv. Á þá mættu eftirtaldir:

	Stofnun	Mættir
Kl. 10:00	Þróunarfélagið	Auður Anna og Hafliði
Kl. 10:30	Menningarráðið	Signý og Hafliði
Kl. 11:00	Þekkingarnetið	Stefanía og Þorvaldur
Kl. 11:30	Markaðsstofan	Skúli Björn
Kl. 12:00	Atvinnuþr. Aust.	(VOH / BHG munu verða í samb. við Lars G. síðar).

Á fundunum var efnislega farið yfir niðurstöður fundarins hér að framan og áform þau, er þar koma fram. Ýmsir gestanna lögðu fram eða sýndu gögn, en auk þess var farið yfir samstarfsfleti milli viðkomandi stofnana. Allir viðkomandi lýstu ánægju með áform um hvernig hefja ætti starfið með kynningarfundinum 6. des. (8. des. til vara). Jafnframt kom fram fullur vilji til að vinna að því markmiði, sem kveðið er á um í samþykkt 44. aðalfundar SSA um „SSA og stoðstofnanir“.

bhg